

Reykjavík 16. apríl 2012

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um breytingar á reglugerð við 43. gr. laganna um viðurkenningu á grunnskólum sem reknir eru af öðrum aðilum en sveitarfélögum með viðbótum um skólahald samkvæmt erlendri eða alþjóðlegri námskrá og námsskipan, skv. heimild í 46. gr. laganna og um nýja reglugerð um skólagöngu fósturbarna í grunnskólum, skv. nýrri heimild í framangreindum lögum.

Barnaheill - Save the Children á Íslandi leggja áherslu á grundvallarreglu barnaréttarins og barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna um að ávallt beri að hafa hag og þarfir barnsins að leiðarljósi þegar málefni þess eru ráðin, sama hver þau eru. Samtökin benda í þessu sambandi sérstaklega á 2. gr. sáttmálans um jafnræði allra barna og bann við mismunun.

I

Athugasemdir Barnaheilla- Save the Children á Íslandi vegna breytingar á reglugerð við 43. gr. laganna um viðurkenningu á grunnskólum sem reknir eru af öðrum aðilum en sveitarfélögum með viðbótum um skólahald samkvæmt erlendri eða alþjóðlegri námskrá og námsskipan, skv. heimild í 46. gr. laganna:

1. Athugasemd við 1.gr. *Gildissvið.* og 2. gr. *Viðurkenning ráðherra.*

Barnaheill- Save the Children á Íslandi eru sammála þeim breytingum sem gert er ráð fyrir á 1.gr. og 2.gr. reglugerðarinnar. Samtökin telja að með þeim sé stuðlað að því að auka réttindi þeirra barna sem eiga annað tungumál en íslensku að móðurmáli og þar með að jafnræði barna á Íslandi.

2. Athugasemd við 5. gr. *Gerð þjónustusamninga sveitarfélaga við rekstraraðila.*

Barnaheill- Save the Children á Íslandi vilja leggja áherslu á jafnræði allra barna og að þeim skuli ekki mismuna vegna stöðu þeirra eða foreldra þeirra.

Í 5. gr. segir eftirfarandi: *Í þjónustusamningi skulu m.a. koma fram atriði er varða innritun nemenda og áherslur í starfsemi skólans og fjárhagsleg samskipti, þar með talið vegna nemenda með sérþarfir og nemenda með annað móðurmál en íslensku. Í samningi skal einnig ganga frá fyrirkomulagi sérfræðiþjónustu og skólaaksturs, ef við á. Í samningi skal koma fram hvort rekstraraðili hafi heimild til gjaldtöku af foreldrum eða forsjáradilum barns og hvaða skilyrðum hún sé háð.*

Mörg dæmi eru í íslensku samfélagi að foreldrar barna, sem hefur af einhverjum sökum ekki liðið vel eða ekki náð tilskildum árangri í almennum grunnskóla hafa innritað þá í skóla sem reknir eru af öðrum en sveitarfélögum, þar sem þeir telja hagsmunum barnanna betur borgið þar. Tryggja þarf að skólar sem reknir eru af öðrum aðilum en sveitarfélögum veiti sömu sérfræðipjónustu og aðrir grunnskólar. Tryggja þarf öllum börnum þá sérfræðipjónusta sem þau þurfa og skal það aldrei vera háð fjárhag foreldra að þau fái slíka þjónustu. Barnaheill- Save the Children á Íslandi telja það varhugaverða þróun ef rekstraraðilum skóla verður heimil gjaldtaka vegna sérfræðipjónustu, s.s. sérkennsla og stuðningur, sem börn eiga rétt á endurgjaldslaust samkvæmt lögum.

Barnaheill- Save the Children á Íslandi leggja því áherslu á að skýrt komi fram í reglugerðinni hvernig fjármögnun skuli háttáð ef barn í einu sveitarfélagi fer í einkarekinn skóla, sem er staðsettur og styrktur af öðru sveitarfélagi, s.s hver skuli bera kostnað s.s. af ferðum barnsins á milli sveitarfélaganna.

Þrátt fyrir að barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna og íslensk lög geri ráð að börnum sé ekki mismunað vegna stöðu þeirra s.s. fötlunar, er ýmis sérhæfð þjónusta fyrir börn s.s. táknaáskennsla og sérþjónusta fyrir heyrnarlausu ekki í boði í leik- og grunnskólum allra sveitarfélaga. Samtökin telja mikilvægt að öll börn eigi kost á þjónustu vegna fötlunar og geti sótt hana þar sem hún er hvað best. Ef það þjónar best hagsmunum barnsins að sækja hana til annarra sveitarfélaga, þarf reglugerð að kveða skýrt á um fyrirkomulag greiðslu svo og samningur við viðkomandi sveitarfélag. Öll börn sem þurfa þjónustu vegna sérþarfa skulu eiga kost á henni og tryggja þarf greiðslur frá lögheimilissveitarfélagi.

II.

Athugasemdir Barnaheilla- Save the Children á Íslandi um nýja reglugerð um skólagöngu fósturbarna í grunnskólum, skv. nýrri heimild í framangreindum lögum.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi eru sammála áherslum í þeirri reglugerð sem hér er til umsagnar. Samtökin leggja áherslu börnum sé ekki mismunað sökum stöðu þeirra. Öll börn eiga rétt á grunnenntun og koma þarf í veg fyrir rof á skólagöngu barns meðan verið er að ráða ráðum þess og ekki er búið að ljúka gerð samninga milli sveitarfélaga vegna barnsins. Mikilvægt er að sú barnaverndarnefnd sem ráðstafar barni í tímabundið fóstur utan lögheimilissveitarfélaga fylgi því eftir og tryggi að svo verði.

Virðingarfyllst,
f.h. Barnaheilla - Save the Children á Íslandi

Ágúst Þórðarson,
framkvæmdastjóri